

2.maí 2019  
Skerseyri  
Kl. 15.30 -16.30

## Fundur Ráðgjafaráðs

Mætt eru: Hrönn Hilmarsdóttir, Jóna Imsland, Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, Þórarinn Þórhallsson, Kristjana Jóhannesdóttir, Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir ritar fundinn.

### 1. Umsögn frá NPA miðstöðinni

Umsagnarbeiðni barst frá velferðarráðneytinu um umsókn NPA miðstöðinnar þar sem ráðgjafaráð var beðið um að taka afstöðu til umsókn þeirra um starfsleyfi

Ráðgjafaráð styður einróma að NPA miðstöðin fái starfsleyfi.

### 2. Sérhæfð akstursþjónusta

Teknar voru fyrir atriði sem starfshópur um sérhæfða akstursþjónustu kallaði eftir álit hjá ráðgjafaráðinu um. Eftirfarandi atriði voru rædd:

Aksturstími: Ráðgjafaráð telur að sérhæfð akstursþjónusta ætti að fylgja ferðatíma almenningssamgangna, þ.e. Strætró bs. Aukin þjónusta ætti að vera til staðar á hátíðisdögum og á þeim tímum sem næturstrætó gengur um helgar.

Ráðgjafaráð telur mikilvægt að aðlögunartími sé á nýrri þjónustu með færi á að koma með athugasemdir og lagfæringar á þjónustunni.

### 3. Upplýsingar vegna ferða

Aðgengi að upplýsingum vegna ferðanna þarf að vera gott og að núverandi upplýsingaveitur, þ.e. App, heimasíða og símaþjónusta sé til staðar. Í appinu sé hægt að sjá staðsetningu bílanna.

#### 4. Þjónusta bílstjóra

Öryggisatriði þurfa að vera skýr og til staðar. Tryggt sé að bílstjórar sækji fræðslu vegna starfs síns sambærilegt við starfsfólk í málefnum fatlaðs fólks og uppfylli sömu skilyrði og nú. Að öryggismyndavélar og öryggisbúnaður sé til staðar. Öryggisatriði þessi ná einnig til leigubílstjóra sem keyra fyrir sérhæfðu akstursþjónustuna.

#### 5. Starfsreglur

Starfsreglur þurfa að vera skýrar og með öryggi farþega að leiðarljósi. Mikilvægt sé að ferli varðandi andyri til andyris sé fylgt eftir og að tryggt sé að notendur séu komnir á rétta áfangastaði og vitað sé af komu þeirra og brottför.

#### 6. Akstursstyrkur

Aðilar sem hljóta akstursstyrk frá Tryggingastofnun ríkisins geta af mörgum ástæðum ekki nýtt sér eigin bíl. Í nýjum samningi leggur ráðgjafaráð áherslu á að aðilar sem fá akstursstyrk geti nýtt sér sérhæfða akstursþjónustu þegar þau geta ekki keyrt eigin bíl.

#### 7. Samningur við Blindrafélagið

Í vinnu starfshóps hefur ekki verið rætt um samning Hafnarfjarðarbæjar við Blindrafélagið. Tryggja þarf að þeir aðilar sem nota akstursþjónustu vegna sjónskerðingar sinnar fái áfram þjónustu í nýju fyrirkomulagi. Skoða eigi takmarkaðan samning þann sem Hafnarfjarðarbær er með við sveitarfélagið.

#### 8. Merking á bílum

Merking á bílum sérhæfðrar akstursþjónustu þarf að vera auðkennileg og skýr fyrir notendum þjónustunnar. Tryggja þarf með skilmerkilegum hætti að bílstjórar sem keyri fyrir sérhæfða akstursþjónustu séu auðkenndir sem keyri um á annars ómerktum bílum, t.d. Leigubílum.

#### 9. Verðskrá

Ráðgjafaráð vill sjá óbreytta verðskrá. Ekki komi til greina að verðhækkun verði á þjónustunni.

Fundi slitið kl.16.50